

Fimmtudagurinn 27. september 2001
170. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 25/2001

**Samningur Reykjarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf.
um slátrun og pökkun á kjúklingum**

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 9. ágúst 2001 birtust fréttir í fjölmiðlum þess efnis að Reykjarður hf. (hér eftir RG) hygðist leggja niður starfsemi sína á Hellu. Í fréttinni kom fram að hún byggðist á fréttatilkynningu frá RG, sem gefin hafði verið út síðdegis deginum áður. Einnig kom fram að ákveðið hefði verið að flytja starfsemi félagsins í sláturhús Ferskra kjúklinga ehf. (hér eftir FK) í Mosfellsbæ og að flutningurinn ætti að eiga sér stað í síðari hluta mánaðarins. Þar sem RG og FK eru í samkeppni á markaði fyrir slátrun og pökkun á kjúklingum ákvað Samkeppnisstofnun að taka málið til skoðunar.

1.

Samkeppnisstofnun sendi m.a. framangreindum aðilum bréf, dags. 9. ágúst 2001, þar sem þeim var tilkynnt að stofnunin hefði ákveðið að taka málið til skoðunar á grundvelli 10. gr. og/eða 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Nánar tiltekið voru send samhljóða bréf til RG, Búnaðarbanka Íslands hf., eiganda RG, FK og Móa ehf., eiganda FK. Í bréfunum var óskað gagna varðandi þann samning sem Samkeppnisstofnun hafði fengið upplýsingar um í fjölmiðlum. Óskað var eftir afritum af öllum samningum sem gerðir hefðu verið vegna flutningsins á slátrun frá sláturhúsi Reykjarðs á Hellu til Ferskra kjúklinga í Mosfellsbæ og upplýsingum um fundi sem haldnir hefðu verið vegna málsins. Sérstaklega var óskað eftir útreikningum sem unnir hefðu verið vegna flutningsins og aðilar einnig beðnir um að lýsa nákvæmlega aðdraganda þeirrar ákvörðunar að flytja alla slátur- og pökkunarstarfsemi RG frá Hellu til sláturhúss FK í Mosfellsbæ (hér eftir nefnt Móastöðin) og skýringa á því hvenær flutningurinn færi fram. Frestur var veittur til 15. ágúst 2001.

2.

Umsögn Móa barst með bréfi, dags. 15. ágúst 2001. Í því bréfi er aðdraganda samningsins lýst stuttlega en um öll önnur atriði var vísað í bréf Búnaðarbankans og RG sem barst sama dag frá Lögmannsþjónustunni LOGOS. Þar var í byrjun gerð

grein fyrir aðdraganda málsins. Búnaðarbankinn hefði eignast 52% hlutdeild í RG með kaupum sínum á Fóðurlöndunni hf. þann 14. júní 2001. Kaupunum fylgdi einnig kaupréttur sem Fóðurlöndunni átti til annarra hluta í félaginu sem Kaupþing hf. átti. Þessa hluti hafi Kaupþing svo boðið bankanum til kaups. Eftir viðræður bankans við fyrirsvarsmenn Móa og FK vegna möguleika á að flytja sláturstarfsemi RG í Móastöðina hafi bankinn ákveðið að kaupa hlut Kaupþings í Reykjagarði. Skýrt er frá því að bankinn leit á kaup RG sem spennandi fjárfestingarkost. Bankinn á nú allt hlutafé í RG.

Því næst var fjallað um sláturhús RG á Hellu. Í umsögn aðila kemur fram að húsið sé gamalt og búnaður til slátrunar sé tuttugu ára gamall. Auk þessa hafi skemmdir orðið á sláturhúsinu í jarðskjálftum á Suðurlandi sumarið 2000. Löngu hafi verið tímabært að endurnýja húsið og tækjakost félagsins, m.a. vegna krafna heilbrigðisyfirvalda þar um. Kostnaður félagsins við að koma sér upp nýju sláturhúsi hefði orðið kr. 350 milljónir en það hefði félagið ekki haft fjárhagslegt bolmagn til þess að gera. Félagið hefði þó keypt húsnæði undir nýtt sláturhús í Borgarnesi og hafði áætlað að flytja sláturstarfsemi sína þangað. Þegar FK byggðu svo Móastöðina í Mosfellsbæ voru áætlanir um flutning í Borgarnes lagðar til hliðar.

Í umsögn aðila kom einnig fram að síðustu þrettán ár hafi Móar látið RG slátra fyrir sig kjúklingum á Hellu. Vegna mikillar aukningar í kjúklingasölu, bæði hjá Móum og RG, hafi sláturhúsið hins vegar verið orðið of lítið. Ástæður flutningsins séu auk þessa þær að erfitt hafi verið fyrir RG að verða sér úti um vinnuafl til þess að manna sláturhúsið á Hellu og að rekstur RG hafi gengið mjög illa, m.a. vegna þess að félagið missti stóran viðskiptavin þegar Móar fluttu slátrun í eigið sláturhús og að RG hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til byggingar nýs sláturhúss. Aðrir aðilar á markaðnum, þ.e. Ísfugl, hefðu ekki afkastagetu til þess að taka við slátrun frá RG. Aðeins FK gæti tekið við allri slátrun fyrir RG.

Að lokum kom fram að með flutningnum næði RG einnig fram mikilli hagræðingu í sínum rekstri þar sem kostnaður færi úr [...] ¹ kr./kg. í [...] ² kr./kg. Þessi hagræðing hefði verið nauðsynleg þar sem án hennar hefði verið óvíst um áframhaldandi rekstur RG. Með bréfinu fylgdu ýmis fylgiskjöl, m.a. áreiðanleikakönnun sem Kaupþing hf. lét vinna vegna sölu RG, útreikningar á sláturkostnaði RG á Hellu sem unnir voru af Búnaðarbankanum og viðskiptasamningur RG og Móa vegna slátrunar RG fyrir Móa.

3.

Á grundvelli viðræðna við Samkeppnisstofnun ákváðu FK og RG þann 17. ágúst sl. að fresta gildistöku samnings um slátrun FK á kjúklingum RG í sex vikur, sbr. bréf fyrirtækjanna dags. þann dag. Jafnframt var því lýst yfir af hálfu eiganda RG að

¹ Upplýsingar ekki birtar skv. óskum málsaðila.

² Upplýsingar ekki birtar skv. óskum málsaðila.

ekkert yrði aðhafst á þeim tíma sem veikt gæti stöðu RG sem keppinauts á markaði slátrunar- og pökkunar á kjúklingum.

4.

Þann 29. ágúst 2001 barst bréf frá RG og Búnaðarbankanum. Þar er tekið fram að aðilar líta ekki á samninginn sem samruna í skilningi 18. gr. Aðeins væri um að ræða verktökusamning um slátrun á kjúklingum. Ekki væri um neinar breytingar á eignarhaldi að ræða.

Í öðru lagi telja aðilar að 10. gr. samkeppnislaga eigi ekki við þar sem ekki séu neinar samkeppnishömlur sem af samningnum leiða. Þannig telji aðilar að markaðurinn sem um ræðir í máli þessu sé markaðurinn fyrir slátrun, vinnslu og pökkun kjúklinga. Ekki sé staðganga milli þessarar þjónustu og annarrar sláturstarfsemi og því sé um sérstakan, aðskilinn markað að ræða. Varðandi hinn landfræðilega markað telja aðilar sig ekki geta veitt skýra skilgreiningu vegna óvissu um það hversu langt megi flytja lifandi kjúklinga til slátrunar og hversu hagkvæmir slíkir flutningar séu yfir lengri vegalengdir. Telja þeir þó að hann nái hið minnsta til Suður- og Vesturlands en hugsanlega einnig til landsins alls.

Varðandi þá sem starfa á markaðnum fyrir slátrun, vinnslu og pökkun á kjúklingum þá telja aðilar að fjórir aðilar starfi á honum og að markaðshlutdeild þeirra skiptist þannig að Móar/FK séu með 70% (innifalinn er slátrun fyrir RG) og að aðrir á markaðnum, þ.e. Ísfugl, Íslandsfugl og Fossgerðisbúið, séu með 30%. Vegna innkomu Íslandsfugls á markaðinn telja aðilar að markaðshlutdeild Móa/FK komi til með að minnka niður í 60%. Aðilar telja að þetta komi ekki til með að breyta neinu á markaðnum, ekki sé verið að takmarka samkeppni, þvert á móti sé verið að gera RG kleift að keppa við Móa þar sem sláturhús RG á Hellu sé úrelt og þarfnist kostnaðarsamra lagfæringa.

5.

Með bréfum, dags. 31. ágúst 2001 og 6. september 2001, óskaði Samkeppnisstofnun eftir frekari gögnum frá RG og Móum. Þau gögn sem óskað var eftir voru þeir viðskiptasamningar sem eru í gildi milli RG og Móa annars vegar og smásala hins vegar. Einnig var óskað eftir gögnum frá Móum sem sýndu útreikninga á kostnaði við slátrun í Móastöðinni.

Gögn þessi bárust með bréfum, dags. 12. og 13. september 2001, frá RG og Móum.

6.

Við rannsókn þessa máls var einnig aflað ýmissa annarra gagna, bæði frá opinberum aðilum og öðrum. Rætt var við aðila í alifuglarækt, slátrun, vinnslu og pökkun, heildsölu á kjúklingum og kjúklingaafurðum o.fl.

III. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs þann 27. september 2001 var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Brynjólfur Sigurðsson, Karítas Pálsdóttir, Hrund Hafsteinsdóttir, Ketill Sigurjónsson og Tryggvi Axelsson.

1.

Í máli þessu hafa samkeppnisyfyrvöld ákveðið að taka til athugunar hvort samningur FK og RG um slátrun og pökkun á kjúklingum fari gegn 10. eða 18. gr. samkeppnislaga. Af hálfu RG og Búnaðarbankans hefur því verið haldið fram að samningurinn eigi ekki undir 18. gr. og hefur skoðun samkeppnisráðs leitt hið sama í ljós og verður því ekki fjallað frekar um það ákvæði samkeppnislaga í máli þessu.

Aðilar málsins hafa lagt á það áherslu að markaðurinn fyrir slátrun og pökkun á kjúklingum sé sérstakur samkeppnismarkaður og einu áhrifin af samningnum séu að samningssambandið snúist við, þ.e. áður slátraði RG fyrir Móa/FK en nú muni FK slátra fyrir RG. Samningurinn raski ekki samkeppni heldur hafi þvert á móti jákvæð áhrif á kjúklingamarkaði, þ.e. markaðinn fyrir eldi og markaðinn fyrir sölu á kjúklingum. Er því haldið fram að 10. gr. samkeppnislaga eigi ekki við um samninginn.

Áður en afstaða er tekin til þess hvort samningur FK og RG brjóti í bága við 10. gr. samkeppnislaga þykir rétt að reifa efni samningsins og aðdraganda hans.

2.

Samningur FK og RG

Í apríl 2001 var fyrirtækið RG selt. Kaupendur voru Fóðurblandan og aðilar í tengslum við Kaupþing. Í júní sl. keypti Búnaðarbankinn síðan RG og voru kaupin sögð gerð í þeim tilgangi að hagræða í rekstri félagsins og búa til hagkvæmari einingu sem bankinn gæti selt aftur með hagnaði. Eigendur Móa/FK hafa upplýst að þeir hafi áhuga á því að kaupa RG af Búnaðarbankanum.

Í svörum Búnaðarbankans og RG, dags. 15. ágúst 2001, kemur fram að bankanum hafi orðið ljóst, eftir að hann keypti RG, að sláturhús RG á Hellu væri mjög óhagkvæmt í rekstri. Jafnframt væru nauðsynlegar endurbætur og viðhald á húsinu mjög kostnaðarsamt. Tilgangur bankans hefði verið að kaupa RG, hagræða í rekstri félagsins og selja svo með hagnaði. Þar sem sláturhúsið væri óhagkvæm eining hefði legið fyrir næst að gera samning við FK um slátrunina þar sem FK hefði haft getu til að taka við allri slátrun fyrir RG og getað boðið lægra verð en sem nam sláturkostnaði

í sláturhúsi RG á Hellu. Þannig taldi bankinn að hægt væri að ná fram töluverðri lækkun á sláturkostnaði.

Í júlí eða byrjun ágúst náðu RG og FK munnlegum samningi um að FK slátraði og pakkaði kjúklingum fyrir RG. Þessi fyrirtæki hafa ekki enn undirritað samning sín á milli um þessi viðskipti en hafa látið Samkeppnisstofnun í té óundirritað eintak af samningi. Á fundi með Samkeppnisstofnun lýstu aðilar málsins því yfir að þeir hefðu náð samkomulagi í skilningi samkeppnislaga um framangreind viðskipti þrátt fyrir að ekki væri búið að undirrita samning. Verður við þetta miðað í máli þessu.

Í samningnum felst að FK tekur að sér að slátra alifuglum fyrir RG í sláturhúsi sínu í Mosfellsbæ. FK sker fuglinn í bita eða skilar honum heilum og pakkar honum í viðeigandi umbúðir. RG annast flutning til FK á fuglum til slátrunar á sinn kostnað. Hið sama gildir um umbúðir. FK afhendir pakkaðan kjúkling við dyr fyrirtækisins. Fyrir framangreint greiðir RG FK kr. [...] á hvert kíló, án vsk. Samningurinn gerir ráð fyrir að slátrun fyrir RG verði u.þ.b. [...] tonn á ári.

Í samningnum kemur einnig fram að núverandi sláturhússtjóri RG á Hellu verði starfsmaður FK og hafi yfirumsjón með slátrun á fugli RG. Einnig er starfsfólki RG á Hellu boðin vinna við slátrun hjá FK. Samningurinn er ótímabundinn en hvor aðili fyrir sig hefur rétt til að segja honum upp með níu mánaða fyrirvara.

3.

Skilgreining markaðarins

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga, sbr. lög nr. 107/2000, segir að allir samningar sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað séu bannaðir. Að mati Samkeppnisstofnunar virðist umræddur samningur ekki hafa það að markmiði í skilningi 10. gr. að hamla samkeppni og verður því að taka til athugunar hvort slíkar hömlur leiði af honum. Í því sambandi verður fyrst að skilgreina viðkomandi markað. Eins og mál þetta liggur fyrir þarf bæði að skilgreina þann markað sem samningurinn hefur bein áhrif á og tengda markaði sem samningurinn getur haft áhrif á.

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, vöru- eða þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum.

3.1. Vörumarkaðurinn

Af hálfu RG og Búnaðarbankans er því haldið fram að skipta megi sk. kjúklingamarkaði a.m.k. í þrjá aðskilda markaði: Kjúklingaeldi, slátrun/vinnslu/pökkun og sölu á kjúklingi og kjúklingaafurðum í heildsölu til smásala og sölu til veitingahúsa. Telja þeir jafnframt að mál þetta varði aðeins markaðinn

varðandi slátrun, vinnslu og pökkun en samningur FK og RG geti haft áhrif á hina markaðina.

Að mati samkeppnisráðs er í fyrsta lagi ljóst að ekki er staðganga milli slátrunar á kjúklingum og öðrum dýrategundum, s.s. svínum eða nautgripum. Hér skiptir m.a. máli að sláturbúnaður er mismunandi fyrir ólíkar tegundir búfjár. Telja verður því að slátrun á kjúklingum og tengd þjónusta tilheyri sérstökum markaði. Í þessu felst sú starfsemi að taka við lifandi kjúklingum, 32-34 daga gömlum, slátrun á fuglunum og niðurskurður í bita þegar við á. Jafnframt að skila af sér kjötinu pökkuðu í umbúðum eða tilbúnu til frekari vinnslu. Markaðurinn sem samningur FK og RG hefur bein áhrif á er því markaðurinn fyrir slátrun og pökkun á kjúklingum. Virðast RG og Búnaðarbankinn í aðalatriðum byggja á sömu markaðsskilgreiningu.

Ljóst er að samningurinn getur haft áhrif á markaði á næsta sölustigi fyrir neðan sláturmarkaðinn. Hér getur verið um ýmsa markaði að ræða. Samkeppnisráð er í fyrsta lagi sammála Búnaðarbankanum og RG að kjúklingar tilheyri sérstökum markaði. Sérstakir eiginleikar kjúklingakjöts leiða m.a. til þeirrar niðurstöðu að takmörkuð staðganga er á milli kjúklingakjöts og annarra tegunda af kjöti. Þetta má einnig ráða af niðurstöðum í erlendum samkeppnisrétti.³ Samkeppnisráð telur í öðru lagi að rök geti staðið til þess að heildsala á fersku kjúklingakjöti (kjöti sem ekki hefur verið unnið frekar, t.d. með hvers konar kryddun eða eldun) og unnum kjúklingafurðum geti tilheyrt mismunandi mörkuðum. Einnig geti sala á ferskum kjúklingum tilheyrt mismunandi mörkuðum eftir tegundum viðskiptavina. Ekki er hins vegar þörf á því í málinu að taka afstöðu til þessa. Nægjanlegt er til að meta áhrif af samningi FK og RG að miða við heildarmarkaðinn fyrir heildsölu á kjúklingum og kjúklingaafurðum. Er þetta sama viðmiðun og Búnaðarbankinn og RG leggja til grundvallar.

3.2. Landfræðilegi markaðurinn

Aðilar málsins hafa látið þá skoðun í ljós að erfitt sé að skilgreina hinn landfræðilega markað. Takmörk séu fyrir því hversu langt sé unnt að flytja lifandi kjúklinga til slátrunar, m.a. vegna kostnaðar- og heilbrigðissjónarmiða. Þ.a.l. sé ekki hægt að fullyrða um mörkin á hinum landfræðilega markaði. Ljóst sé þó að þar sem RG hefur slátrað kjúklingum Móa í sláturhúsi sínu á Hellu nái markaðurinn a.m.k. til Suður- og Vesturlands. Hugsanlegt sé þó að hinn landfræðilegi markaður sé landið allt.

Við landfræðilega afmörkun markaðarins fyrir slátrun og pökkun verður að horfa til þess hversu langt er unnt að flytja lifandi kjúklinga til slátrunar. Athuganir Samkeppnisstofnunar hafa leitt í ljós að lengsta vegalengd sem lifandi kjúklingar eru

³ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 9. mars 1999 í máli nr. IV/M.1313 *Danish Crown/Vestjyske Slagterier*. Sjá einnig að sínu leyti dóm United States Court of Appeals, Tenth Circuit, frá 1985: *Monfort of Colorado, Inc. v. Cargill, Inc. and Excel Corporation*, 761 F.d 570.

fluttir h rlendis og hafa veri  fluttir s  vegalengdin milli Mosfellssveitar, þar sem m.a. M ar hafa kj klingar ekt s na, og Hellu, þar sem RG hefur haft sl tura st  u s na, e a u.þ.b. 100 km. Ekki eru til reglur um það h rlendis hversu langt e a hversu lengi megi flytja lifandi d yr. Almennt er þ  mi að vi  a  d yr megi ekki fer ast lengur en   8 t ma  n þess a  þeim s  brynnt e a þeim gefi  f  ur, ef flutningat kin uppfylla a rar kr fur vegna d yraverndunarsj narmi a. Samkv mt reglum EB ber a  hv la, brynna og f  ra d yr ef flutningur stendur lengur en 8 t ma. Ef mi að er vi  a  farart ki me  kj klinga fer ist   leyfilegum h markshra a    tta t ma m   tla a  sl turh s geti teki  vi  kj klingum fr  kj klingar ektendum sem eru   600-700 km. fjarl g  fr  sl turh sinu. Undir venjulegum kringumst e um, s rstaklega a  vertarlagi, er þ  ekki unnt a  gera r   fyrir þvi a   vallt s  h gt a  komast alla þ  vegalengd    tta klukkustundum. Þannig er ekki h gt a  gera r   fyrir þvi a  h gt s  a  komast fr  hva a sta  sem er   landinu til kj klingasl turh ss    tta t mum. Engin reynsla vir ist vera af þvi a  flytja kj klinga langar vegalengdir h r   landi. M  draga   efa a  mi að vi  a st e ur h r   landi s  raunh ft e a hagkv mt a  flytja lifandi kj klinga langar lei ir til sl trunar. Lei a m  þannig a  þvi r k a  um s  a  r e a nokkra sta bundna markaði fyrir sl trun og p kkun   kj klingum. Þa  er hins vegar ekki nau synlegt fyrir ni urst e u þessa m ls a  taka afst e u til þess hvort um s  r e a landsmarka  e a sta bundna markaði. Ver ur þvi   þessu m li mi að vi   sland sem hinn landfr e ilega markað   sl trun og p kkun.

Ekki er þ rf   þvi   þessu m li a   kvar a hvort landi  allt s  einn markaður fyrir jafnt frystan og  frystan kj kling og a rar kj klingaafur ir. Ver ur þvi mi að vi  hina v  ari skilgreingu.

4.

Staða fyrirt kja   markaðnum

A  mati m lsa ila eru eftirfarandi fyrirt ki n    markaðnum fyrir sl trun, vinnslu og p kkun   kj klingum: FK,  sfugl,  slandsfugl ehf. og Fossger i. S  mi að vi  1. jan ar 2001 þ  hafi RG, sem þ  s  einnig um sl trun fyrir M a, veri  me  um 85% markaðshlutdeild og a rir me  15%. S  liti  til st e unnar 20.  g st 2001 skiptist markaðshlutdeild þeirra þannig a  RG s  me  um 40%, FK um 30% og a rir me  um 30%. Ef t lur m lsa ila um n verandi st e u eru lag ar til grundvallar ver ur FK, ef samningur þess vi  RG n r fram a  ganga, me  70% hlutdeild   markaðnum fyrir sl trun, vinnslu og p kkun   kj klingum og kj klingaafur um. A ilar benda auk þessa   það a  þeir telja a  markaðshlutdeild s n muni dragast enn frekar saman og ver i   lok þessa  rs um 60%. Rekja a ilar þessa framt e arþr un til innkomu n s  ila,  slandsfugls,   markaðinn og a   sfugl hafi n lega st kka  sl turh s sitt.

Af framangreindum yfirl singum  ila er lj st a  FK og RG hafa samanlagt verulega hlutdeild   markaðnum fyrir sl trun og p kkun   kj klingum. Athuganir Samkeppnisstofnunar hafa leitt   lj s a     rinu 2000 haf i RG r mlega 50% hlutdeild

á markaðnum fyrir heildsölu á kjúklingum og kjúklingaafurðum. Hlutdeild Móa var u.þ.b. 25% og Ísfugls rúmlega 20% en aðrir voru með innan við um 2% hlutdeild. Fyrirtækið Íslandsfugl á Dalvík hefur nýlega hafið starfsemi á þessum markaði.

5.

Samkeppnisleg áhrif flutnings slátrunar og pökkunar frá RG til FK

Þegar samningur FK og RG var gerður ráku bæði þessi fyrirtæki kjúklingasláturhús og voru því keppinautar á markaðnum fyrir slátrun og pökkun á kjúklingum. Með samningnum hættir RG að keppa við FK í þessari starfsemi. Ljóst er að samkomulag milli keppinauta um að hætta að keppa í tilteknum þætti starfsemi sinnar getur almennt séð falið í sér ólögmætar samkeppnishömlur, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 13/1997, *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn samkeppnisráði*. Þetta á sérstaklega við á mörkuðum þar sem samkeppni er takmörkuð fyrir.

Í samningnum sem hér er til umfjöllunar felst eins og áður segir að RG hættir slátrun og pökkun á kjúklingum. Því er um að ræða samning sem takmarkar eða stýrir framleiðslu í skilningi b. liðar 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga. Augljóst er að samningurinn takmarkar samkeppni milli RG og FK á sláturmarkaðnum þar sem af honum leiðir að viðkomandi fyrirtæki eru ekki lengur keppinautar á þessu sviði. Jafnframt telur samkeppnisráð hættu á að samningurinn takmarki samkeppni á tengdum mörkuðum. Í því sambandi verður að hafa í huga að FK og RG hafa samanlagt verulega markaðshlutdeild á heildarmarkaðnum fyrir heildsölu á kjúklingaafurðum og búa því fyrirtækin yfir miklum markaðslegum styrkleika. Jafnframt er mikil samþjöppun á þeim markaði. Samningurinn og sú samvinna sem leiðir af honum getur, ef ekkert er að gert, dregið með alvarlegum hætti úr samkeppni á því sviði og leitt til þess að verð á kjúklingaafurðum til neytenda hækki. Sama hætta á samkeppnishömlum á við um markaðinn á sölustiginu fyrir ofan sláturmarkaðinn, t.d. markaðinn fyrir kjúklingaeldi.

Engu máli skiptir fyrir lögmæti sammingsins þótt RG hafi áður slátrað fyrir Móa/FK. Miða verður í máli þessu við atvik eins og þau voru þegar samningurinn var gerður og á þeim tíma voru umrædd fyrirtæki óumdeilanlega keppinautar á þessu sviði. Enga sérstaka ályktun er heldur unnt að draga af eldri samningi fyrirtækjanna þar sem hann var aldrei tilkynntur samkeppnisyfirvöldum. Af framansögðu er það mat samkeppnisráðs að samningur RG og FK um slátrun og pökkun brjóti í bága við 10. gr. samkeppnislaga.

6.

Undanþága skv. 16. gr. samkeppnislaga

Í 16. gr. samkeppnislaga er samkeppnisráði veitt heimild til þess að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. laganna. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. gr.:

- „a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.“*

Viðræður Samkeppnisstofnunar og málsaðila hafa leitt til þess að málsaðilar eru tilbúnir að fallast á að tiltekin skilyrði verði sett vegna samnings FK og RG um slátrun og þökkun á kjúklingum. Eins og atvik þessa máls horfa við getur samkeppnisráð fallist á að með því að setja samningnum umrædd skilyrði uppfylli hann ákvæði 16. gr. samkeppnislaga um undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. laganna. Í því sambandi verður ekki horft fram hjá því að eigandi RG, Búnaðarbankinn, hefur lýst yfir eindregnum vilja til þess að RG dragi sig út úr rekstri sláturhúss félagsins á Hellu. Jafnframt liggur fyrir að dýralæknayfirvöld hafa bannað slátrun í sláturhúsi RG á Hellu og ljóst er að ráðast þarf í tilteknar framkvæmdir í sláturhúsinu svo unnt sé að hefja slátrun á ný. Búnaðarbankinn telur kostnað við slíkar framkvæmdir ekki í samræmi við viðskiptahagsmuni sína. Jafnframt liggur fyrir að RG hefur selt fyrirtækinu Samefli ehf. sláturhúsið á Hellu og tekur Samefli að sér verkefni fyrir RG við fullvinnslu alifuglaafurða.⁴ Ekkert í samningnum hindrar Samefli í að hefja slátrun á kjúklingum. Hagsmunaaðilar á Suðurlandi standa að fyrirtækinu Samefli. Við þessar sérstöku aðstæður gæti ógilding samkeppnisráðs á samningi FK og RG haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar sem kynnu að leiða til enn frekari samkeppnishamla. Miðað við stöðu málsins í heild telur samkeppnisráð setningu skilyrða vera einu raunhæfu leiðina til að stuðla að markmiði samkeppnislaga í máli þessu.

Skilyrðin miða í fyrsta lagi að því að tryggja að samvinna RG annars vegar og FK/Móa hins vegar einskorðist við kjúklingaslátrun FK í verktöku fyrir RG. Því er lagt bann við hvers konar annarri viðskiptalegri samvinnu fyrirtækjanna. Jafnframt er öll miðlun upplýsinga milli fyrirtækjanna bönnuð, nema sem nauðsynlega leiðir af framkvæmd samnings um kjúklingaslátrun og -þökkun. Þetta þýðir að framangreind

⁴ Í 10. gr. samningsins segir að forsenda hans sé samþykki Samkeppnisstofnunar á flutningi slátrunar RG til FG.

fyrirtæki verða að öllu leyti að starfa sjálfstætt á öðrum sviðum kjúklingamarkaðarins, s.s. í stofnungarækt, alifuglaeldi, við hvers konar vinnslu á alifuglakjöti, og í dreifingu og sölu á þessum afurðum. Aðilar málsins hafa eftir viðræður við samkeppnisyfirvöld einnig lýst sig reiðbúna til að falla frá þeirri hugmynd að Móar/FK yfirtaki rekstur RG. Umrædd atriði eiga að leiða til þess að fyrirtækin starfi til frambúðar sjálfstætt og að áhrif samningsins takmarkist við slátur- og pökkunarstarfsemi. Verður því að ganga út frá því að full samkeppni ríki milli fyrirtækjanna að þessu leyti og verður að hafa í huga að slátrun og pökkun er einn af mörgum þáttum í kjúklingaframleiðslu.

Samkvæmt skilyrðunum er uppsagnarfrestur samningsins hvað RG áhrærir stytur úr níu mánuðum í fjóra. Ekki er því lögð óeðlilega langvarandi skuldbinding á RG og fyrirtækið getur því innan tiltölulega skamms tíma hætt samstarfinu ef það telur hagsmunum sínum betur borgið með því. Með samningnum öðlast FK ráðandi stöðu á markaðnum fyrir slátrun og pökkun á kjúklingum. Uppsagnarfrestur FK er því lengdur í tólf mánuði og fyrirtækinu gert skylt að tilkynna Samkeppnisstofnun um uppsögn samningsins og um breytingar á honum, þ.m.t. á verði fyrir slátrun og pökkun. Með þessu er spornað gegn því að FK/Móar geti sagt upp eða breytt samningnum í andsamkeppnislegum tilgangi.

Í því skyni að viðhalda samkeppni á m.a. sláturmarkaðnum kemur fram í skilyrðunum að RG skuli semja við Samefli um að það fyrirtæki slátri a.m.k. 20% af alifuglum framleiddum af RG. Með þessu skilyrði er stuðlað að því að Samefli verði keppinautur á sláturmarkaðnum og þar með fleiri valkostum í slátrun. Í skilyrðunum er sú skylda einnig lögð á RG, FK og Móa að grípa ekki til eða viðhalda neinum ráðstöfunum sem takmarka aðgengi keppinauta að t.d. smásölumarkaðnum. Á þessi ákvörðun því að leiða til þess að fyrirtækin sjálf og aðrir keppinautar eigi greiðari leið inn á markaðinn. Getur þessi ákvörðun aukið möguleika minni aðila eins og t.d. Ísfugls og Íslandsfugls til að bæta stöðu sína á markaðnum og auka þar með samkeppni.

Framangreind skilyrði leiða til þess að aðilar málsins hafa ekki færi á því að koma að verulegu leyti í veg fyrir samkeppni og að ekki séu lögð á þá óþörf höft. Aðilar málsins hafa lýst því yfir að sláturhús FK sé búið besta fánlega búnaði og veruleg hagræðing felist í slátrun FK fyrir RG. Því er haldið fram í málinu að samningurinn leiði til þess að verð á kjúklingum eigi að lækka til neytenda. Samkeppnisráð gefur sér þá forsendu í málinu að þetta gangi eftir. Því verður að líta svo á að samningurinn stuðli að bættri framleiðslu og veiti neytendum sanngjarnan hlut í þeim ávinningi, sbr. 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð áskilur sér rétt til að draga þessa undanþágu til baka ef m.a. forsendur fyrir henni breytast eða ef skilyrði þau sem sett eru í ákvörðunarorði eru brotin, sbr. 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samningur Reykjagarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun Ferskra kjúklinga ehf. á alifuglum fyrir Reykjagarð hf. brýtur í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 16. gr. samkeppnislaga veitir samkeppnisráð samningi fyrirtækjanna undanþágu frá ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Reykjagarði hf. annars vegar og Ferskum kjúklingum ehf. og/eða Móum ehf. og félögum sem þeim eru tengd hins vegar er óheimilt að hafa með sér hvers konar viðskiptalega samvinnu umfram það sem nauðsynlega felst í slátrun, skurði og pökkun Ferskra kjúklinga ehf. í Móastöðinni á alifuglum fyrir Reykjagarð hf. Í þessu felst m.a. að Reykjagarður hf. annars vegar og Ferskir kjúklingar ehf. og Móar ehf. hins vegar skulu að öllu leyti starfa sjálfstætt;
 - við stofnunarækt,
 - við alifuglaeldi,
 - við hvers konar vinnslu á alifuglakjöti,
 - við dreifingu á alifuglaafurðum,
 - við sölu og markaðsmál.
2. Samruni í skilningi 4. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 milli Reykjagarðs hf. annars vegar og Ferskra kjúklinga ehf. og/eða Móa ehf. hins vegar verður ekki heimilaður. Bann þetta tekur einnig til þeirra aðila sem kunna að taka yfir þá efnahagslegu starfsemi sem nú er rekin í framangreindum fyrirtækjum. Jafnframt tekur bann þetta til aðila sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir framangreindum fyrirtækjum eða yfir aðilum sem kunna að taka yfir efnahagslega starfsemi Reykjagarðs hf., Ferskra kjúkling ehf. eða Móa ehf.
3. Samningur milli Reykjagarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun skal af hálfu Reykjagarðs hf. vera uppsegjanlegur með fjögurra mánaða fyrirvara og af hálfu Ferskra kjúklinga ehf. vera uppsegjanlegur með tólf mánaða fyrirvara. Tilkynna skal Samkeppnisstofnun um uppsögn Ferskra kjúklinga ehf. á samningnum svo unnt sé að leggja mat á hvort uppsögnin sé í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Jafnframt skal tilkynna Samkeppnisstofnun um allar breytingar á samningnum, þ.m.t. breytingar á verði fyrir slátrun, skurð og pökkun, a.m.k. þremur mánuðum áður en breytingarnar taka gildi.

4. Óheimilt er að miðla hvers konar viðskiptalegum upplýsingum milli Reykjagarðs hf. og Móa ehf. Einnig er óheimilt að miðla hvers konar viðskiptalegum upplýsingum milli Reykjagarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. nema sem nauðsynlega leiðir af framkvæmd samnings fyrirtækjanna um slátrun og pökkun.
5. Þeim starfsmönnum Ferskra kjúklinga ehf. sem eiga samskipti við Reykjagarð hf. vegna samnings fyrirtækjanna eða annast slátrun og pökkun fyrir Reykjagarð hf. er óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. öðrum starfsmönnum Ferskra kjúklinga ehf. og Móa ehf., hvers konar viðskiptalegar upplýsingar sem þeir öðlast vegna samskipta við Reykjagarð hf. eða vegna framkvæmdar á samningi fyrirtækjanna. Skulu þeir starfsmenn Ferskra kjúklinga ehf. sem eiga samskipti við Reykjagarð hf. eða annast slátrun og pökkun fyrir það fyrirtæki undirrita yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu varðandi framangreindar upplýsingar. Brot starfsmanna á þessari þagnarskyldu telst vera brot Ferskra kjúklinga ehf. á ákvörðun þessari og varðar viðurlögum skv. ákvæðum samkeppnislaga.
6. Reykjagarður hf. skal innan fjögurra mánaða frá dagsetningu þessarar ákvörðunar semja við Samefli ehf., eða annað fyrirtæki sem kann að taka við rekstri kjúklingasláturhúss og kjötvinnslu sem rekin hefur verið af Reykjagarði hf. á Hellu, um að það fyrirtæki slátri a.m.k. 20% af alifuglum framleiddum (öldum) af Reykjagarði hf. eða því fyrirtæki sem kann að taka yfir alifuglaeldi það sem nú fer fram hjá Reykjagarði hf. Þessi skylda fellur niður ef Reykjagarður hf. getur með óyggjandi hætti sýnt Samkeppnisstofnun fram á það að verðlagning þess fyrirtækis sem tekur yfir rekstur sláturhússins og kjötvinnslunnar á Hellu sé verulega óhagstæð eða þjónusta fyrirtækisins sé óviðunandi.
7. Reykjagarði hf., Ferskum kjúklingum ehf. og Móum ehf. eða fyrirtækjum sem eru undir yfirráðum eigenda þessara félaga er óheimilt að gera eða starfa eftir sölusamningum, munnlegum eða skriflegum, við kaupendur alifuglaafurða, þ.m.t. endurseljendur á smásölustigi, sem útiloka aðra seljendur frá viðskiptum við kaupendurna. Jafnframt er framangreindum fyrirtækjum óheimilt að hafa í frammi hvers konar aðrar aðgerðir sem miða að því að útiloka aðra seljendur alifuglaafurða frá viðskiptum við endursölufyrirtæki eða aðra kaupendur á alifuglaafurðum.

8. **Reykjagarður hf., Ferskir kjúklingar ehf. og Móar ehf. skulu kynna ákvörðun þessa og hvað í henni felst fyrir starfsmönnum sínum og viðskiptavinum innan eins mánaðar frá birtingu hennar. Þá skulu fyrirtækin upplýsa Samkeppnisstofnun um framkvæmd á ákvörðun þessari.**

Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga.“